

LÖG

um breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna koma þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Í stað tíu gjalddaga skulu gjalddagar einstaklinga vera 1. ágúst, 1. september og 1. október. Gjald-dagi lögaðila er 1. nóvember. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst eða 1. nóvember færast gjalddagar til um einn mánuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. júlí 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.